

**Nd.** **522. Frumvarp til laga** [115. mál]  
um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 58 28. apríl 1963.